



**Hólaskjól við Lambaskarðshóla,
Skaftárhreppi
Deiliskipulag fyrir hálendismiðstöð**

GREINARGERÐ OG UMHVERFISSKÝRSLA

4. júlí 2008



LANDMÓTUN.

Yngvi Þór Loftsson landslagsarkitekt FÍLA
Margrét Ólafsdóttir landfræðingur

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	3
2. MARKMIÐ	3
3. FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR	3
3.1 FJALLABAKSSVÆÐIÐ-STEFNUMÖRKUN Í BYGGINGAR- OG SKIPULAGSMÁLUM	3
3.2 MIÐHÁLENDI ÍSLANDS-SVÆÐISSKIPULAG 2015.....	3
3.3 AÐALSKIPULAG SKAFTÁRHREPPS 2002-2014.....	4
3.4 NÁTTÚRUMINJASKRÁ.....	4
4. STAÐHÆTTIR OG NÚVERANDI NÝTING	5
4.1 LANDSLAG OG JARÐFRÆÐI	5
4.2 GRÓÐURFAR.....	5
4.3 NÚVERANDI NÝTING	5
4.4 SAMGÖNGUR	5
4.5 ÞRÓUN FERÐAMANNAFJÖLDA.....	5
4.6 MANNVIRKI.....	6
5. KYNNING OG SAMRÁÐ	6
6. UMHVERFISVIÐMIÐ, EINKENNI OG VÆGI ÁHRIFA	6
7. UMFJÖLLUN UM KOSTI	7
8. MÓTVÆGISAÐGERÐIR OG NIÐURSTAÐA	8
8.1 MÓTVÆGISAÐGERÐIR GAGNVART HEILDinni	8
8.2 MÓTVÆGISAÐGERÐIR Á STAÐNUM	9
8.3 NIÐURSTAÐA.....	9
9. DEILISKIPULAG, SKIPULAGS- OG BYGGINGARSKILMÁLAR	10
9.1 AÐKOMA, VEGIR OG BÍLASTÆÐI	10
9.2 GÖNGULEIÐIR.....	10
9.3 TJALDSVÆÐI OG TJALDVAGNAR	10
9.4 NÚVERANDI BYGGINGAR	10
9.5 NÝJAR BYGGINGAR.....	10
9.6 LEIKVELLIR	11
9.7 HESTA- OG FJÁRGERÐI	11
9.8 LAGNIR OG VEITUR	11
10. HEIMILDIR	11

1. Inngangur

Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur selt Veiðifélagi Skaftártungumanna hálendismiðstöðina Hólaskjól við Lambaskarðshóla sem hyggur á frekari uppbyggingu á miðstöðinni. Eftir sem áður verða gangnamenn með gistaðstöðu á svæðinu.

Í staðfestu svæðisskipulagi fyrir Miðhálandi Íslands 2012, er svæðið skilgreint sem hálendismiðstöð og fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og þess vegna fellur deiliskipulagið undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Í þessari skýrslu sem unnin var af Landmótun verður kynnt saman greinargerð og umhverfisskýrsla fyrir deiliskipulag svæðisins. Ekki var farið í sérstakar rannsóknir í tengslum við skýrsluna heldur byggt á þeim heimildum sem taldar eru upp í kafla 9.

2. Markmið

Megin markmið deiliskipulagsins er að styrkja stöðu Lambaskarðshóla sem alhliða ferðamannastaðar annars vegar með því að bjóða upp á fjölbreyttari og vandaðri gistimöguleika fyrir ferðamenn og hins vegar að bæta aðstöðu gangnamanna.

Annað megin markmið framkvæmdanna er að minnka þörf á uppbyggingu ferðamannastaða á hálendishluta sveitarfélagsins. Þessum markmiðum er ætlað að ná með því að:

- Auka kynningu á staðnum.
- Koma á framfæri upplýsingum og fræðslu um næsta nágrenni og hálendið.
- Bjóða upp á aukna, betri og fjölbreyttari gistaðstöðu í skálum.
- Bæta aðstöðu þeirra sem gista í tjöldum, tjaldvögnum og húsbílum.
- Bæta vatnsupptöku neysluvatns.
- Sameina næturhólf hrossa á einn stað aðskilið frá annari starfsemi.
- Beina reiðleiðum frá viðkvæmum gróðursvæðum.

3. Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir

3.1 Fjallabakssvæðið-stefnumörkun í byggingar- og skipulagsmálum

Skipulag fyrir Fjallabakssvæðið var samþykkt af skipulagsstjóra ríkisins 5. október 1994. Í því skipulagi er Hólaskjól (Lambaskarðshólar) miðstöðvarsvæði og þar með aðalmóttökusvæði ferðamanna á Fjallabakssvæðinu ásamt Landmannahelli, Landmannalaugum og Hvanngili. Þar segir ennfremur:

“ Miðstöðvarsvæðið við Lambaskarðshóla er í útjaðri Eldgjásvæðisins, en Eldgjásvæðið er eitt af jaðarsvæðum sem lagt er til að bætist við Friðland að Fjallabaki. Gert er ráð fyrir að eftirlit og umsjá með Eldgjásvæðinu verði sinnt frá Lambaskarðshólum.”

3.2 Miðhálandi Íslands-Svæðisskipulag 2015

Skipulagið var staðfest af umhverfisráðherra 10. maí 1999. Landnotkun við Lambaskarðshóla fellur undir skilgreiningu náttúruverndarsvæða og er þar hluti af stærra svæði sem innifelur m.a. vesturhluta Mýrdalsjökuls og Eyjafjallajökul,

Pórmerkursvæðið, Heklusvæðið, Friðland að Fjallabaki, Veiðivötn, Lakagíga og Eldjá.

“Náttúruverndarsvæði

Náttúruverndarsvæðin ná yfir mikilvægustu og merkustu náttúruminjar hálandisins. Þau eru á einhvern hátt sérstæð eða einstæð vegna landslags, jarðmyndana, gróðurfars eða dýralífs. Svæðin ná yfir stórar landslagsheildir og óröskuð víðerni, s.s. stóra samfellda hluta gosbeltanna og víðfem votlendissvæði. Öll friðlýst svæði eru felld undir þennan flokk auk flestra svæða á náttúruminjaskrá.”

Skipulagið gerir ráð fyrir að uppbygging ferðamannþjónustu verði takmörkuð á Miðhálandinu en megináhersla er lögð á uppbyggingu ferðþjónustu á jaðarsvæðum þess. Hólaskjól liggur tiltölulega lágt eða í 320m y.s. og er við eitt af “hliðum” hálandisins við Fjallabaksleið nyrðri og er að mörgu leyti dæmigert fyrir skilgreiningu á hálandismiðstöð í þessu skipulagi.

“Hálandismiðstöðvar

Þjónustumiðstöðvar við aðalfjallvegi hálandisins í samfelldum rekstri að lágmarki 2 mánuði á ári. Starfsemi miðstöðvanna tengist alhliða ferðamennsku, þjónustu við vetrarumferð, veiðimenn, hestamenn og skíðafólk. Gisting er í ríkara mæli í húsum en á tjaldsvæðum og þjónusta er minni en á jaðarmiðstöðvum. Sömu kröfur varðandi meðferð frárennslis og sorps og á jaðarmiðstöðvum. Hálandismiðstöðvar eru háðar mati á umhverfisáhrifum.”

3.3 Aðalskipulag Skaftárhrepps 2002-2014

Í aðalskipulaginu sem var staðfest 26. Mars 2003 er landnotkun við Lambaskarðshóla skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.

“Hálandismiðstöðvar eru þjónustumiðstöðvar ferðamanna í nánd við aðalfjallvegi hálandisins. Starfsemi miðstöðvanna tengist alhliða ferðamennsku, þjónustu við vetrarumferð, veiðimenn, hestamenn og skíðafólk. Gott vegasamband og samfelldur rekstur a.m.k. 2-4 mánuði á ári. Gisting er í ríkara mæli í húsum en á tjaldsvæðum. Ströngustu kröfur eru gerðar varðandi salernisaðstöðu, meðferð sorps og frárennslis (sjá nánari skilgreiningar í samantekt um svæðisskipulag Miðhálandisins).

V-9 Hálandismiðstöð við Lambaskarðshóla. Á staðnum er gistiskálinn og gagnamannahúsið Hólaskjól með hesthús á neðri hæð og þrjú stök hús með stöðuleyfi, tjaldsvæði, vatnssalerni o.fl. Staðurinn liggur tiltölulega lágt við hálandisjaðarinn við aðalfjallveg inn á Fjallabakssvæðið, Fjallabaksleið nyrðri. Þetta er alhliða áningarstaður, sem liggur vel við meginleiðum þeirra sem eru akandi, gangandi eða ríðandi.

3.4 Náttúruminjaskrá

Lambaskarðshólar eru innan svæðis á náttúruminjaskrá nr. 706 Eldgjá: „(1) Eldgjá á Skaftártunguafretti milli Gjátinds og Svartahnúksfjalla. Til norðausturs ræður lína úr Gjátindi í Skaftá á móts við Skælinga. Til austurs ræður Skaftá niður að brú á Syðri-Ófæru og þaðan lína um hátind Bláfjalls suðvestur í Öldufell. Til vesturs ræður lína úr Öldufelli um Svartafell í Svartahnúk. (2) Eldgjá er hluti af um 40 km langri gossprungu sem vitnar um stórkostleg eldsumbrot á nútíma. Stórbrotið og fjölbreytt landslag. Vinsælt útivistarsvæði. Æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki“.

4. Staðhættir og núverandi nýting

4.1 Landslag og jarðfræði

Hólaskjól er í hálendisjaðrinum og liggur tiltölulega lágt (320m y.s.) í lítilli kvos sem gerir landfræðilega afmörkun þrönga og jafnframt vel skilgreinda og notalega heild. Í stórum dráttum afmarkast rýmið að vestan og norðan af Lambaskarðshólum, af Syðri-Ófæru að sunnan og Skaftárhrauni og Skaftá að austan. Tveir litlir nafnlausir lækir renna um svæðið og fagurlega lagaðir fossar falla í gljúfrum í Syðri-Ófæru.

4.2 Gróðurfar

Einkennandi í gróðurfari eru mosamóar og þembur og graslendi sem eru í hólunum og hraununum umhverfis staðinn. Í kvosinni þar sem uppbygging á sér stað eru áreyrar sem að hluta til flæðir yfir og þar hefur landið verið grætt upp og er ekki eins viðkvæmt fyrir ágangi og þolir því meira álag. Mosamóar og þembur eru gróðurlendi þar sem mosar eru ríkjandi, aðallega tegundir gamburmosa en einnig snjómosi og aðrar ættkvíslir. Stundum er um hreina mosapembu að ræða, en einnig aðrar plöntutegundir, fléttur og jafnvel háplöntur sem þekja allt að helming yfirborðs. Hreina mosapembu er ætíð að finna við hin óhagstæðustu gróðurskilyrði, jarðvegur er grunnur, þekja oft slitrótt og viðkæm fyrir ágangi.

4.3 Núverandi nýting

Hólaskjól var byggt sem gagnamannahús af Upprekstrarfélagi Skaftártungumanna en þar hafði ekki verið byggt áður. Skálinn er stærsta gangnamannahús í hreppnum. Einu nytjar svæðisins eru sauðfjárbreit og ferðaþjónusta nú síðari ár. Á árinu 1995 var rekstur Hólaskjóls boðinn út í fyrsta sinn og hafa einkaaðilar frá þeim tíma annast hann á vegum Skaftárhrepps og upprekstrarfélagsins. Veiðifélag Skaftártungumanna keypti aðstöðuna árið 2006.

4.4 Samgöngur

Hólaskjól er alhliða áningarstaður við hálendisjaðarinn og aðalfjallveg inn á Fjallabakssvæðið, Fjallabaksleið nyrðri. Staðurinn er góður kostur sem áningarstaður ferðamanna sem eru að koma og fara inn á hálendið og liggur vel við meginleiðum göngufólks, hestamanna og ökutækja. Stærsti markhópur staðarins eru hestamenn og eru helstu reiðleiðir í tengslum við staðinn þessar:

1. **Hólaskjól-Landmannalaugar.** Leiðin fylgir í stórum dráttum Fjallabaksleið nyrðri.
2. **Hólaskjól-Skaftárdalur-Hrossatungur-Lakavegur-Miklafell.** Leiðin fylgir að mestu vegum og slóðum, áning í Blágili.
3. **Hólaskjól um Álftavötn í Hvanngil.**

Gönguleiðir um hálendi Skaftárhrepps hafa átt vaxandi vinsældum að fagna á seinni árum og er Hólaskjól áhugaverður áningarstaður á eftirfarandi leiðum:

1. **Hólaskjól-Landmannalaugar.** Leiðin fylgir í stórum dráttum Fjallabaksleið nyrðri.
2. **Hólaskjól-Álftavötn-Ófærudalur-Landmannalaugar/Hvanngil.**
3. **Hólaskjól-Eldgjá-Skælingar-Sveinstindur-Lakagígar-Blágil.**

4.5 Þróun ferðamannafjölda

Ekki liggja fyrir gistináttaskýrslur fyrir svæðið undanfarin ár en eftirfarandi samantekt er frá á árabílinu 1996 til 1999.

Á árinu **1996** gistu samtals 1180 manns í og við Hólaskjól, 700 í húsinu og 480 á tjaldsvæðinu. Þá voru gestir á tjaldsvæðinu að töluverðum meirihluta útlendingar og þeir gista yfirleitt aðeins eina nótt. Íslendingar gistu 1,36 nætur í húsi sem þýðir að

tæplega annar hver þeirra gistir í tvær nætur. Flestir Íslendinganna eru hestamenn í hópferðum. Lítið var um göngumenn, þó 3-4 hópar yfir sumarið og nokkrir hjólreiðamenn gistu einnig.

Á árinu **1998** gistu samtals 1064 og 1133 á árinu **1999** og er nokkuð jöfn skipting á milli þeirra sem gistu í skálanum og á tjaldsvæðinu. Eins og áður þá eru gistinætur fáar eða 1,3 fyrra árið og 1,1 það seinna. Hlutfall útlendinga var 66% á árinu 1998 og 53% 1999.

Á þessu sést að ferðamenn nota flestir staðinn sem áfangastað á milli annara staða og kjósa því ekki að dvelja þar lengi. Umhverfi Lambaskarðshóla er mjög sérstakt, en svo virðist sem ferðamenn viti ekki hvað þar er að sjá og njóta.

Þá er sjálfsagt að líta á Eldgjá, Álftavötn, Skælinga og Landmannalaugar sem áhrifavalda í ferðþjónustu á þessum stað og gönguleiðarnetið hefur verið styrkt með uppbyggingu á gistiskálum.

Á þessu sumri liggja fyrir pantanir fyrir um 3000 gistinætur sem er tæplega þreföldun frá 1999.

4.6 Mannvirki

Á staðnum er nú tvílyft gangnamannahús að grunnfleti 105m² með gistirými á báðum hæðum. Á svæðinu er enn fremur tjaldsvæði með vatnssalerni. Hestagerði er á áreyrum sunnan við svæðið. Fjargirðing er sunnan vegar við aðkomu að svæðinu. Rotþrær með síubeðum og sitrulögn fyrir núnverandi aðstöðu eru á tveimur stöðum. Annars vegar þrjár 500 lítra rotþrær við gistiskálann og hins vegar 1100 lítra rotþró austan við tjaldsvæðið. Rotþrærnar eru hreinsaðar með haugsugu einu sinni á ári. Kalt vatn er leitt frá vatnsbóli í Lambaskarðshólunum norðvestan við svæðið.

5. Kynning og samráð

Auk Skipulagsstofnunar verður haft samráði við eftirfarandi aðila:

- Umhverfisstofnun
- Landgræðslu ríkisins

Á árinu 1999 var leitað til sömu aðila vegna vinnu við deiliskipulag á svæðinu. Umhverfisstofnun (áður Náttúruvernd ríkisins) lagði áherslu á að gerð yrði grein fyrir þróun í fjölda ferðamanna, hollustumálum og gróðurúttekt. Landgræðsla ríkisins varaði við gróðurskemmdum vegna beitarrhólfa og reiðleiða.

6. Umhverfisviðmið, einkenni og vægi áhrifa

3.2 Umhverfisáhrif

Við greiningu á þeim þáttum sem hugsanlega geta orðið fyrir umhverfisáhrifum var ákveðið að meta eftirfarandi umhverfisþætti:

- Áhrif á landslag og sjónræna þætti
- Áhrif á náttúrufar og náttúruverndarsvæði
- Áhrif á útivist og ferðamennsku.

Gerð er grein fyrir umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af skipulagsbreytingunum og þeim mótvægisáðgerðum sem fyrirhugaðar eru. Þar sem eðli breytinganna er mismunandi þá er valið úr hvaða þættir eru skoðaðir í hverju tilfalli.

Við greiningu á einkenni og vægi hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök og er skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram kemur í töflu hér að neðan. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar framkvæmt er mat á vægi áhrifa.

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt
Óveruleg	0	Óveruleg áhrif á umhverfisþátt
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt

Tafla 1 Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat deiliskipulagsins

Í töflu 1 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati deiliskipulagsins. Þess ber þó að geta að listinn er ekki tæmandi. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagstillagan hefur í för með sér.

Stefna	Umhverfis viðmið	Texti
Lög	Lög um umhverfismat áætla. nr. 105/2006	1 gr. Að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlunargerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.
Lög	Skipulags- og byggingar- Lög nr. 73/1997	I. kafli, 1. Gr. mgr.2 að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmari nýtingu lands og langgæða, tryggja varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbærri þróun að leiðarljósi.
Skipulags-áætlun	Aðal- skipulag Skaftár- hrepps 2002-2014	Staðurinn liggur tiltölulega lágt við hálendisjaðarinn við aðalfjallveg inn á Fjallabakssvæðið, Fjallabaksleið nyrðri. Þetta er alhliða áningarstaður, sem liggur vel við meginleiðum þeirra sem eru akandi, gangandi eða ríðandi.

Tafla 2 Umhverfisviðmið sem höfð verða til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu

7. Umfjöllun um kosti

Þeir kostir sem teknir verða til umfjöllunar við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar eru tveir :

- gildistaka á deiliskipulagi
- núll kostur sem felur það í sér að ekki verði gerðar breytingar á stöðu mála

Aðrir kostir eru ekki teknir til skoðunar í matsáætlun.

Gildistaka nýs deiliskipulags í Hólaskjóli við Lambaskarðshóla

Þær nýframkvæmdir sem meðfylgjandi deiliskipulag leiðir af sér er eftirfarandi:

- Viðbótar gistisrými í þremur húsum, hver um sig er um 15 m² að stærð með tilheyrandi ferðamannaðstöðu.
- Tjaldsvæði stækkuð og aðstaða fyrir húsbíla og tjaldvagna bætt.
- Nýtt landvarðarhús um 20 m² verður byggt norðan við núverandi skála.
- Nýtt hesthús allt að 150 m²

Núll kostur – óbreytt ástand

Ekki gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu.

Til að auðvelda mat á einstökum markmiðum skipulagstillögunar og samanburð kostna er matið sett fram í venslatöflum. Þar er sett fram gróft mat á umhverfisáhrifum einstakra markmiða skipulagstillögunar miðað við tiltekna fyrirfram ákveðna umhverfisvísa sem gefa eiga mynd af helstu umhverfispáttum á skipulagssvæðinu.

	Umhverfis-þættir	Áhrif
A	Áhrif á landslag og sjónræna þætti	0 Uppbygging er á svæði sem þegar hefur verið nýtt til ferðaþjónustu og þau mannvirki sem koma til viðbótar eru ekki umfangsmikil. Deiliskipulagið styður viðmið skipulags- og byggingarlaga 73/1997.
B	Áhrif á náttúrufar og náttúrverndarsvæði	0 Leitast verður við að færa göngu- og reiðleiðir frá viðkvæmum svæðum og koma á framfæri upplýsingum um svæðið. Deiliskipulagið styður viðmið laga um umhverfismat áætlaða 105/2006.
C	Áhrif á útivist og ferðamennsku	+ Ef ekki kemur til uppbygging á ferðaþjónustu mun álag aukast á viðkvæmari svæðum inn á hálendinu. Deiliskipulagið styður viðmið skipulags- og byggingarlaga 73/1997 og aðalskipulag Skaftárhrepps 2002-2014.

Tafla 3 Yfirlitstafla yfir niðurstöðu mats.

8. Mótvægisaðgerðir og niðurstaða

Þær mótvægisaðgerðir sem lagðar eru til lúta annars vegar að staðnum í samhengi við Fjallabakssvæðið í heild sinni og hins vegar að sértækum aðgerðum á miðstöðvar svæðinu sjálfu:

8.1 Mótvægisaðgerðir gagnvart heildinni

Lambaskarðshólar eru við hálendisjaðarinn í aðeins um 320 m y.s. og er í góðu vegasambandi og vel aðgengilegt fyrir flest ökutæki. Uppbygging á slíkum stað er mótvægisaðgerð sem léttir á uppbyggingu á öðrum ferðamannastöðum sem liggja ofar á hálendinu og eru óaðgengilegri og viðkvæmari fyrir allri uppbyggingu.

Frá Hólaskjóli er stutt að fara að vinsælum áningarstöðum s.s. Eldgjá (10 km), Landmannalaugar (30 km) Ljótapoll (40 km), Landmannahelli (50km). Bætt gístaðstaða í Hólaskjóli gefur ferðamönnum tækifæri til að fara þaðan í dagsferðir inn á hálendið, sem stuðlar einnig að minni uppbyggingu á öðrum ferðamannastöðum.

Hólaskjól er við eina af megin aðkomum inn á Miðhálandið. Gert er ráð fyrir að þar byggist upp móttökustaður ferðamanna þar sem væri eftirlit með umferð og ferðamennsku og miðstöð fyrir upplýsinga- og fræðslustarf á hálandinu. Með því móti ættu ferðamenn að vera betur upplýstir um ástand vega, aðgengi að áhugaverðum áningarstöðum og almennar umgengisreglur sem ber að fylgja þegar farið er um þetta viðkvæma landssvæði. Frá Hólaskjóli er stutt að fara til þess að kippa í taumana ef eitthvað fer úrskeiðis á aðliggjandi svæðum.

8.2 Mótvægisáðgerðir á staðnum

Reiðleið um viðkvæmt gróðurlendi þar sem gamli Fjallabaksvegurinn lá yfir Lambaskarðshóla hefur verið lögð niður.

Frárennismál eru í þokkalegu ástandi miðað við núverandi nýtingu á svæðinu og verður áframhaldandi uppbygging í fullu samræmi við kröfur sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands setur.

Kaldavatnsupptaka er staðsett vestan við svæðið og leitt með plastpípu að staðnum. Neysluvatnstaka við brunnsvæði skal vera í samræmi við ákvæði neysluvatnsreglugerðar.

Gert er ráð fyrir að allt sorp verði flutt til byggða til förgunar á förgunarstöðum á vegum sveitarfélagsins annars vegar í sorpbrennslu á Kirkjubæjarklaustri og hins vegar á urðunarstað á Stjórnarsandi.

8.3 Niðurstaða

Áhrif á landslagi og sjónræna þætti er óveruleg þar sem uppbyggingin er innan svæðis sem þegar hefur verið byggð upp fyrir ferðapjónustu. Þeir skálar sem bætast við eru litlir og ekki áberandi í umhverfinu.

Með uppbyggingu á þessum stað er leitast við bjóða upp á gistingu í jaðri hálandisins og minnka álag á viðkvæmari stöðum á hálandinu. Það er í samræmi við almenna stefnumörkun svæðisskipulags Miðhálandisins að takmarka uppbyggingu á ferðamannaáðstöðu á hálandinu og beina henni að jaðarsvæðunum og í byggð.

Með deiliskipulaginu er leitast við að styrkja Hólaskjól við Lambaskarðshóla sem alhliða ferðamannastað með fjölbreytta gistimöguleika í húsum og tjaldsvæði í sátt við umhverfið. Sú uppbygging styrkir staðinn sem „hlið“ að hálandinu og sem áningarstað í tengslum við vinsælar gönguleiðir sem liggja um svæðið.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps telur umhverfisáhrif deiliskipulagsins óveruleg og í samræmi við markmið sveitarfélagsins um að stuðla að sjálfbærri þróun í umhverfis- og atvinnumálum.

9. Deiliskipulag, skipulags- og byggingarskilmálar

9.1 Aðkoma, vegir og bílastæði

Lambaskarðshólar liggja við Fjallabaksleið nyrðri og er aðeins 300 m langur afleggjari að miðstöðvarsvæðinu. Áætluð bílastæðapörf við miðstöðvarsvæðið er 20 stæði og 3 rútustæði en að auki eru 12 stæði fyrir húsbíla og tjaldvagna.

9.2 Gönguleiðir.

Núverandi slóðar og gamlar þjóðleiðir verða nýttar sem göngu- og reiðleiðir eins og fjallað er um í kafla 6.4. Innan svæðisins eru stígar sem tengja saman miðstöðvarsvæði að áhugaverðum stöðum þannig að viðkvæmum gróðursvæðum er hlýft.

9.3 Tjaldsvæði og tjaldvagnar

Svæði fyrir tjöld og tjaldvagna eru austan við skála. Gert er ráð fyrir sérstökum stæðum fyrir tjaldvagna og húsbíla, samtals tólf 100 m² stæðum auk sameiginlegrar aðstöðu. Tjaldsvæði verða á einni flöt með aðgreindum bílastæðum. Hreinlætisaðstaða fyrir tjaldvagna- og tjaldsvæðisgesti er í núverandi snyrtihúsi við tjaldsvæðið og er gert ráð fyrir að það hafi stækkunarmöguleika. Sunnan við þetta svæði er stækkunarmöguleiki sem verður nýttur þegar aðsókn er meiri.

9.4 Núverandi byggingar

Núverandi hús sem var byggt sem gangnamannaskáli verður nýttur undir gistiaðstöðu á tveimur hæðum, með eldunaraðstöðu og salerni.

Salerni er ennfremur við tjaldsvæðið.

9.5 Nýjar byggingar

Gistiskálar allt að 15 m² að stærð með tilheyrandi ferðamannaðstöðu í þremur húsum. Skáli fyrir landvörð allt að 20 m² og hesthús fyrir 20 hesta allt að 150 m². **Stærð byggingarreita** er 150 m² fyrir gistiskála, 50 m² fyrir salernisaðstöðu og 200 m² fyrir landvörð, hesthús allt að 200 m² og er staðsetning húsa frjáls innan þeirra.

Aðalmænisstefna húsa skal vera NA-SV sem er eins og mænisstefna núverandi skála á svæðinu .

Stærð og lögun húsa.

Almennt er vísað til ákvæða gildandi byggingarreglugerðar um efni og gerð húsanna.

Hæðarsetning húsa skal vera sem lægst frá jörðu, en miðast við aðstæður í hverju tilviki.

Þakhalli skal vera á bilinu 20-30°.

Hæð útveggja frá gólfi upp á efri brún sperra skal ekki vera yfir 2,7 m.

Mænishæð skal mest vera 4,5 m, mælt frá gólfi á efri brún sperra.

Litaval útveggja er frjálst nema varast ber skæra eða mjög ljósa liti. Þök skulu vera dökk, koksgrá eða jarðlituð.

9.6 Leikvellir

Leikvöllur verður hluti af tjaldsvæðinu.

9.7 Hesta- og fjárgerði

Hestagerði er á áreyrum sunnan svæðisins og fjárgirðing austan lækjar þar sem gert er ráð fyrir hesthúsi. Allt fóður fyrir skepnur í gerðum og hesthúsi verður flutt frá byggð. Inn í hestagerðinu er gert ráð fyrir hagaskjóli með allt að 2,5 m háum veggjum. Utan við hestagerðið er flytjanlegur geymslugámur.

9.8 Lagnir og veitur

Neysluvatn er tekið úr uppsprettulind í Lambaskarðshólunum og leitt með plastpípu að miðstöðvarsvæðinu.

Kynding og eldun fer fram með gasi.

Frárennsli. Notast verður við núverandi rotþrær en nýjar byggðar í áreyranar sunnan við miðstöðvar svæðið. Frágangur og gerð rotþróa og frárennislagna er háð samþykki heilbrigðisfulltrúa.

Sorphirða. Landvörður munu sjá um að koma sorpi í móttökustaði sorps á vegum Skaftárhrepps. Þangað verður farið með allt viðeigandi sorp í samræmi við reglur um flokkun þess og mögulega endurvinnslu.

10. Heimildir

Eftirfarandi heimildir voru notaðar við samningu þessarar skýrslu:

1. Gísli Gíslason og Elín Erlingsdóttir **1994**, Fjallabakssvæðið - Stefnumörkun í skipulags- og byggingarmálum
2. Gistináttaskýrslur fyrir Hólaskjól **1996, 1998 og 1999**
3. Jóhanna B. Magnúsdóttir **1996**, Framtíðarsýn Hólaskjóls
4. Kaupsamningur milli Veiðifélags Skaftártungumanna og Skaftárhrepps frá 5. Apríl 2006.
5. Landmótun **1999**, Miðhálandi Íslands-Svæðisskipulag 2015
6. Landmótun **2002**. Aðalskipulag Skaftárhrepps 2002-2014
7. Náttúruminjaskrá 7. Útgáfa, á heimasíðu Umhverfisstofnunar í júní **2008**